



Stefna Breiðholtsskóla

Í samræmi við stefnu Reykavíkurborgar um sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð, setur Breiðholtsskóli fram sínar áherslur í starfi skólans. Þær áherslur mæta markmiðum borgarinnar um einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda. Einnig leitast skólinn við að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og félagsfærni. Þessum markmiðum verður þó ekki náð nema í samvinnu við forráðamenn og með góðum tengslum við grenndarsamfélag skólans.

Stefna Breiðholtsskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum. Í útfærslu skólans er lögð áhersla á vellíðan nemenda svo þeir nái allir árangri í samræmi við getu og hæfileika hvers og eins. Til að vinna að þessu er mikilvægt að samvinna og sérhæfing haldist í hendur. Með því að skipuleggja skólann út frá því að hver árgangur sé ein heild og nemendur í honum vinni saman þvert á bekki er stuðlað að samstöðu um leið og umsjónarkennurum er gert kleyft að styrkja samvinnu sín á milli.


Verklegar greinar í 2. til 8. bekk eru kenndar í smiðjum þar sem hverjum árgangi er skipt upp í minni hópa þvert á bekki. Nemandi er þá í hverri smiðju s.s. myndlist í fjórar kennslustundir á viku í nokkrar vikur samfelld. Allur árgangurinn er einnig á sama tíma í íþróttum sem eru skipulagðar þannig að hluti árgangsins er hverju sinni í samfelldu sundnámi um tilekin tíma en hinn hluti árgangsins skiptist milli tveggja kennara sem kenna íþróttir í sal. Í skipulagi skólans er gert ráð fyrir að kennarar sérhæfi sig í kennslu tiltekinna árganga eða námsgreina. Kennsla 1. bekkjar er mjög sértæk og því gert ráð fyrir að kennarar geti sérhæft sig í kennslu þess árgangs. Þá er miðað við að kennari kenni sömu nemendum í 2. og 3. bekk, 4. og 5. bekk, 6. og 7. bekk og síðan unglिंगadeild.

Unglingadeild skólans er skipulögð þannig að hver árgangur sé ein heild. Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði velur nemandi sér einn af 5 námshópum, eftir getu í hverri grein. Til að gefa möguleika á fjölbreyttu námsvali geta nemendur úr öllum árgöngum unglिंगadeildar átt kost á sömu valgrein. Þá er nám í náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt skipulögð líkt og smiðjur, þ.e. að hver árgangur er eina önn með hverja af þessum námsgreinum og í mun fleiri tíma á viku.

Á skýringarmynd hér til hliðar má sjá hvernig skólinn byggist upp af árgöngum. Umgjörðin er síðan stoðkerfi skólans, aðhald og kennslufræði.

Stoðkerfi skólans byggist upp á stuðningi og leiðsögn sem fram fer ýmist inni í bekkjarstofu eða í námsverum. Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar sjá um þennan stuðning.

Markmiðið með stoðkerfi skólans er að tryggja nemendum jöfn tækifæri til náms og leitast við að



mæta þörfum þeirra, náms- og félagslega.

Skólinn er með námsver, þar sem með sérhæfingu er leitast við að koma til móts við þarfir nemenda.

Námsver er fyrir nemendur í 1. til 7. bekk með sértæka námsörðugleika.

Starfsver er fyrir nemendur á unglingastigi með verulegar náms- og hegðunarraskanir.

Næðisver er til að mæta tilfallandi þörfum nemenda til að vinna í miklu næði einir eða í litlum hópum.

Kjarninn í **kennslufræði** skólans markast af einkunnarorðum hans **Ábyrgð – Traust – Tillitssemi**. Með ÁBYRGÐ er lögð áhersla á að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og gerðum. Með TRAUSTI er lögð áhersla á að nemendur finni að þeim er treyst og þeir geti treyst þeim sem vinna í skólanum. Með TILLITSSEMI er lögð áhersla á jákvæð samskipti sem skapa öryggi. Hún á að vera gagnkvæm og vera jafnt gagnvart samferðamönnum og umhverfinu. Slagorð skólans er ...ÁRANGUR FYRIR ALLA. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að hafa að leiðarljósi að nemendur eru mismunandi og hafa fjölbættar greindir (hæfileika). Unnið er að markmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum aðferðum. Mikilvægt er að nýta svigrúm og sveigjaleika til koma til móts við hvern og einn. Það tekst best með því að efla samvinnu allra, nemenda, forráðamanna og starfsfólks. Skólinn nýtir sér einnig, í mikilli samvinnu, stuðning og ráðgjöf frá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Framkvæmd kennslufræðinnar má sjá á eftirfarandi skýringarmynd þar sem árangur fyrir alla er kjarninn sem unnið er að með því að beita fjölbreyttum nálgunum að námsefni og námsmarkmiðum. Mikilvægt er að nýta vel sveigjanleika, samvinnu og frumkvæði til sjálfstæðra ákvarðanna sem gætu aukið möguleika skólans á að koma til móts við hvern og einn.

